



## 287. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 17. október 2012 kl. 19:25 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

**Mætt voru:** Lárus Á. Hannesson, LÁH  
Berglind Axelsdóttir, BA  
Davíð Sveinsson, DS  
Egill Egilsson, EE  
Gretar D. Pálsson, GDP  
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS  
Hjörleifur K. Hjörleifsson, HKH  
Gyða Steinsdóttir, bæjarstjóri GS  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Lárus Á. Hannesson setti fund og stýrði.

### Dagskrá:

#### 1. Trúnaðarmál.

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar samþykkir samhljóða að gera Elínu Sigurðardóttur ljósmóðir, Tjarnarási 9a, Stykkishólmi og Ágúst K. Bjartmars húsasmiður, Skólastíg 23, Stykkishólmi að heiðursborgurum Stykkishólmsbæjar.

#### **Greinargerð:**

Elín Sigurðardóttir er fædd í Dal 22. júlí 1930 en ólst upp í Hrísdal. Elín er ljósmóðir að mennt. Hún flutti til Stykkishólms 1952 og giftist Sigurði Ágústssyni frá Vík og eignuðust þau 7 börn.

Elín hlýtur nafnbótina heiðursborgari Stykkishólms fyrir mjög farsælt starf sem ljósmóðir í bænum, fyrst sem heimaljósmóðir og svo í tæp 40 ár sem ljósmóðir við St. Franciskusspítalann í Stykkishólmi. Elín sem í daglegu tali er kölluð Ella ljósa hefur tekið á móti 700 – 800 börnum og þótti afburða fagleg og yfirveguð ljósmóðir og naut trausts verðandi mæðra.

Elín hefur einnig komið víða við í félagsmálum bæjarins og var meðal annars formaður kvenfélagsins í 1 ár. Hún tók þátt í stofnun Lionessklúbbsins Hörpu sem síðar varð að Lionsklúbbum Hörpu. Hún hefur starfað lengi í Framsóknarfélagi Stykkishólms og var formaður þess um tíma. Elín sat í stjórn Félags hjartasjúklinga á Vesturlandi. Síðast en ekki síst tók Elín virkan þátt í störfum Skógræktarfélagis Stykkishólms.

Ágúst K. Bjartmas er fæddur 13. janúar 1924 í Stykkishólmi og hefur búið hér nánast óslitið síðan. Ágúst er húsasmiður að mennt og giftist Maggy Lárentsínusdóttur og eiga þau 3 börn.

Ágúst hlýtur nafnbótina heiðursborgari Stykkishólms fyrir mjög farsæl störf í þágu samfélagsins hér í Hólminum. Ágúst var einn aðalhvatamaður að stofnun Iðnskólans sem hér starfaði um árabíl og lagði mikið af mörkum í uppbyggingu iðngreina í Stykkishólmi. Hann var einn af stofnendum og eigendum Trésmiðju Stykkishólms. Ágúst var oddviti Stykkishólmshepps frá 1970 til 1978. Ágúst



lauk sínum starfsferli sem farsæll smíðakennari við Grunnskólann í Stykkishólmi.

Gústi Bjart, eins og við þekkjum hann, er einstakur afreksmaður í badminton og vann 5 sinnum Íslandsmeistaratitil í þeirri grein. Hann er einn af stofnendum Lionsklúbbs Stykkishólms og söng um tíma bæði í karlakórnum og kirkjukórnum.

**Fundargerðin upplesin og samþykkt.**

**Fundi slitið kl. 19:30**

**Þór Örn Jónsson**